

# Lög

## um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133 21. desember 1994.

---

### 1. gr.

A-liður 13. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgara í ríkjum sem eiga aðild að samningi um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, hafi þeir fengið dvalarleyfi eða afhent skráningaryfirvaldi norrænt flutningsvottorð. Hið sama gildir um maka Íslendinga eftir því sem við á.

### 2. gr.

Við 14. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:  
Þeir sem koma fram á næturlúbbum falla ekki undir þessa undanþágu.  
Ráðherra getur sett reglur sem skilgreina nánar einstök störf sem falla undir undanþágu skv. 1. mgr.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 26. apríl 2000.*